Menningarrölt með öllum hinum

Efnt var til menningarnætur í áttunda sinn í Kaupmannahöfn síðastliðinn föstudag. Urður Gunnarsdóttir rölti milli sýninga, sá óvenjulegar fjölskyldumyndir, íslenska myndlist, þefaði af dýrasýningu og sá Thorvaldsenssafn í nýju ljósi.

FJÖLDINN á götum Kaupmannahafnar sl. föstudagskvöld staðfesti svo ekki verður um villst að Danir kunna að meta menningarnætur. Stemmningin var afslöppuð, tugir þúsunda manna keyptu sér menningarpassa og röltu milli viðburða og sýninga og nutu þess að vera úti í kvöldsvalanum ásamt öllum hinum. Tæplega 290 aðilar tóku þátt í menningarnóttinni og þar áttu Íslendingar sína fulltrúa, listakonurnar Steinunni Þórarinsdóttur og Sossu.

Danir hafa haldið menningarnótt í átta skipti og hefur fjöldinn sem kaupir sér menningarpassa aukist með ári hverju. Á síðasta ári voru það um 50.000 og var fjöldinn svipaður þetta árið. Þeir sem að menningarnóttinni standa hafa að sjálfsögðu kannað fram og til baka hverjir taka þátt í henni og komist að því að stærsti hópurinn sé fólk á aldrinum 20–29 ára, þar á eftir komi aldurshópurinn 30–39 ára. Það hefur komið nokkuð á óvart hversu fá börn eru á ferð með foreldrum sínum en hlýtur þó að teljast skiljanlegt ef tekið er mið af því að margir eru á ferð allt frá kl. 18 þegar menningarnóttin hefst og fram undir miðnætti er henni lýkur og þótt menningarrölt næri sálina eru fótleggirnir gengnir upp að hnjám eftir úthaldið.

Hvert næst?

Menningarrölt í Kaupmannahöfn er notaleg upplifun fyrir þá sem vilja sýna sig og sjá aðra en mannfjöldinn gerir það að verkum að líklega er betra að geyma sumar sýninganna þar til um hægist. Fjöldi sýninga, uppákomna, tónleika, upplestra, leiksýninga og opinna húsa er svo mikill að taka verður sér góðan tíma til að skipuleggja kvöldið. „Hvert næst?“ var líklega algengasta spurningin sem heyrðist þetta kvöld og ekki nema von. Átti að fara og heimsækja skattamálaráðuneytið eða lögreglustöðina, sem höfðu opin hús, fara í kirkju, hlusta á ungskáld eða jazz, brot úr óperum, kíkja inn á einhver af þeim rúmlega 40 galleríum sem höfðu opnað dyr sínar þetta kvöld, fara á safn, líta inn til reiðhjólasmiðsins, gullsmiðs eða í leikhússmiðjuna?


Raðirnar eru víða hundruð metra, t.d. höfðu þúsundir manna stillt sér upp í raðir víðs vegar um Kristjánsborgarhöll til að skoða hana. Einkum lokkuðu veggteppi Bjørns Nørgaards en þau koma jafnan ekki fyrir almenningssjónir þar sem þau eru í Riddarasalnum sem er einkum notaður fyrir opinberar móttökur. Veggteppin eru gjöf danskra iðnrekenda til Margrétar drottningar á fimmtugsafmæli hennar en voru sett upp áratug síðar er hún varð sextug í apríl sl. Þau sýna merkisatburði í sögu þjóðarinnar, merka Dani, stjórnarskrána og konungsfjölskylduna að ógleymdum eftirlætishundum Hinriks drottningarmanns. Það vakti á sínum tíma athygli að Nørgaard, sem þekktur er fyrir að vera í andstöðu við hið hefðbundna, skyldi fenginn til að skreyta Riddarasalinn. Veggteppin, 17 talsins, eru blanda litsterkrar popplistar og hefbundinnar útsaumslistar þar sem raktar eru hetjusögur í myndum.

Fyrir utan Kristjánsborg, í Holmens kanal, hefur fjöldi fólks safnast til að dást að óvenjulegu listaverki, sem margir Kaupmannahafnarbúar þekkja, „Agnete og Havmanden“, brúður sem fljóta undir vatnsyfirborðinu við brúna yfir síkið, lýstar upp af dularfullri birtu.

Skammt frá Strikinu, sem kaupglaðir Íslendingar þekkja, sýnir listakonan Sossa í gallerí Sct. Gertrud við Hyskenstræde. Hún sýnir málverk af konum, dularfullum og seiðandi. Sossa stundaði myndlistarnám í Kaupmannahöfn fyrir margt löngu og segist halda tryggð við borgina, sýnir nú fimmta árið í röð.

Frá Sossu liggur leiðin í St. Nikolaj-kirkjuna, sem hýsir sýningarsali og kaffihús og þar eru tvær athyglisverðar sýningar. Önnur nefnist „Ég dýrið“, og er ætluð börnum en heillar hina fullorðnu jafnt. Myndlistarmennirnir John Olsen og Lars Abrahamson ásamt rithöfundinum Vagn Lundbye hafa sett saman sýningu sem lyktar, heyrist og sést, og sem má skríða um, skoða og snerta. Herbergi fullt af fuglshræjum bak við gler og með spegla í gólfi og lofti, kynjadýr í formalíni, beinagrindur, illa þefjandi skreið og loðfeldir sem bregða má sér undir skapa undraveröld.

Á kirkjuloftinu er allt annað uppi á teningnum, þar er sýning á fjölskyldumyndum breska ljósmyndarans Richards Billingham sem myndar eigin fjölskyldu og felur ekkert. Myndir hans af lífi bresks lágstéttarfólks og drykkjusjúklinga hafa gengið fram af mörgum, sem þykir nálægð Billingham við viðfangsefnið óþægileg. Frá Nikolaj-kirkjunni er tilvalið að halda í annað guðshús, Holmens-kirkju, þar sem nemendur og kennarar við Konunglega danska tónlistarkonservatoríið léku Brandenborgarkonserta Bachs fyrir troðfullri kirkju í þrígang.



Ljósmynd/Peter H. Olsen/Polfoto

Frá Menningarnótt í Kaupmannahöfn.

„Maður um mann“ í Nýhöfn


Frá Holmens-kirkju liggur leiðin í Nýhöfn, þar sem Norræna ráðherranefndin hefur að nýju opnað sýningarsal í húsakynnum sínum í Store Strandstræde. Fyrsti listamaðurinn er Steinunn Þórarinsdóttir en skúlptúrsýning hennar „Maður um mann“ var fyrst sýnd á Íslandi fyrr á þessu ári. Verkin eru unnin í ál og járn og falla einkar vel inn í rýmið í salnum. Til Kaupmannahafnar kemur sýningin frá Bonn og eru frekari landvinningar á döfinni.

Menningarröltinu lýkur í Thorvaldsenssafni þar sem Íslendingar eiga sitt í listamanninum. Kvikmyndatökumaðurinn Peter Klitgaard hefur sviðsett safnið sem er óneitanlega tilkomumikið í myrkrinu en stytturnar eru lýstar upp með bláu ljósi og seiðandi saxófóntónar hljóma innan- sem utandyra. Bertil Thorvaldsen nýtur sín sannarlega vel í nýju ljósi.

Rabb um íslenskar og argentínskar kvennabókmenntir

Í RABBINU hjá Rannsóknarstofnun í kvennafræðum fimmtudaginn 19. október, kl. 12–13 í stofu 201 í Odda, verða kynntar fyrstu niðurstöður samanburðarrannsóknar Hólmfríðar Garðarsdóttur á íslenskum og argentínskum bókmenntum. Bornar eru saman skáldsögur eftir íslenskar og argentínskar konur sem gefnar voru út á síðasta áratug og skoðað hvort og hvernig fræðiumræða síðustu áratuga, sérstaklega umræðan um afbyggingu og femínisma, koma fram í verkum þeirra. Niðurstöðurnar sem kynntar verða benda til þess að líkja megi íslenskum og argentínskum kvenrithöfundum við einhvers konar bókmenntalegar tvíburasystur sem aldar eru upp hjá ólíkum fósturforeldrum. Skáldkonur beggja landa fjalla fyrst og fremst um aðstæður og aðbúnað kvenna og varpa ljósi á staðsetningu þeirra í samfélaginu. Þessi sameiginlegi kjarni takmarkar þó ekki fjölbreytni og margbreytileika verkanna né kemur í veg fyrir tilraunir með bókmenntaformið eða leik með ögrandi nýjungar í efnisvali og stíl. Mismunur íslensku og argentínsku skáldkvennanna felst aftur á móti einkanlega í því að íslensku skáldkonurnar eru óskuldbundnari umfjöllunarefni sínu en þær argentínsku sem gagnrýna stöðugt umhverfi sitt og aðstæður kvenna. Skáldsagnaritun þeirra tekur því virkari og beinni þátt í fræða- og samfélagsumræðu síðustu ára.

Hólmfríður Garðarsdóttir lauk BA-prófi í spænsku frá Háskóla Íslands og háskólanum í Buenos Aires í Argentínu árið 1989. Hún lauk námi í uppeldis- og kennslufræðum frá Háskóla Íslands vorið 1993, MA-námi frá Texasháskóla í Austin haustið 1996 og svokölluðu „comprehensive“-prófi til doktorsgráðu haustið 1998 um leið og hún varði rannsóknaræætlun að doktorsritgerð við Texas-háskóla. Ásamt stundakennslu við Háskóla Íslands og umsjón með spænskukennslu við tungumálamiðstöð HÍ vinnur hún að doktorsritgerð um samtímabókmenntir kvenna í Rómönsku-Ameríku.



Morgunblaðið/Halldór Kolbeins

Lísander og Demtríus keppa um hylli Helenu.

Draumur á Jónsmessunótt aftur á fjalirnar

SÝNINGAR á gamanleiknum Draumur á Jónsmessunótt hefjast á ný í Þjóðleikhúsinu nk. föstudag, 20. október, en leikritið var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu á liðnu vori.

Draumur á Jónsmessunótt er einn vinsælasti gamanleikur Shakespeares þar sem tvinnast saman draumur og veruleiki, galdrar og kostulegar ástarflækjur.

Draumkennd og ljóðræn sýning þar sem allt getur gerst – og allt er leyfilegt, segir í kynningu.

Fulltrúar elstu og yngstu listamanna Þjóðleikhússins sameina krafta sína í þessum vinsæla gamanleik sem var frumsýndur á 50 ára afmælisdegi Þjóðleikhússins 20. apríl síðastliðinn.

Úr hafinu

MYNDLIST

Listasafn ASÍ, Ásmundarsal

MÁLVERK – HELGA MAGNÚSDÓTTIR

Til 22. október. Opið þriðjudaga til sunnudaga frá kl. 14-18.

GRÍSKA eyjan Sífnos verður Helgu Magnúsdóttur tilefni til listrænnar tjáningar. Þessi litla eyja í Hringeyjaklasanum rís úr sæ eins og ævintýraheimur. Í minni vestrænna þjóða voru grísku eyjarnar ódáinsakurinn þar sem vættirnar undu sér við gleði og söng.


Eitthvað af þessari paradísardýrð, ríkri af sól, hvítum klettum, blágrænu hafi og endalausri menningarleifð hyggst Helga miðla okkur með málverkum sínum. Sumpart er hún á réttri leið en sumpart fatast henni flugið eins og Íkaros forðum daga.

Ef til vill hefur Helga ekki gert upp við sig hvaða áreiti það eru sem hún vill miðla, dýpt hafsins, krafti sólskinsins eða tilfinningunni fyrir þessu öllu í senn. Formatið er ef til vill of stórt í stóru verkunum og of lítið í litlu verkunum. Eins eru málverk hennar of bundin sjónrænni upplifun á kostnað andrúmsloftsins. Þau eru hvorki raunsæ né abstrakt en miðla þó ekki nægilega óræðu augnabliki upplifunarinnar.

Ef til vill væru vatnslitir nærtækari og hentugri miðill en olíulitir á hörstriga. Alltént þarf Helga að tileinka sér smærri stærðir því stóru verkin þynna um of hugsunina án þess að skila upplifuninni í staðinn.

Þeir Bonnard, Klee og Matisse náðu að miðla þeirri dýpt andrúmsloftsins við Miðjarðarhafið sem Helga er væntanlega á höttunum eftir og þurftu þó ekki að leita á náðir yfirstærða. Það væri ekki dónalegt fyrir hana að setjast á skólabekk hjá þeim kumpánum og velta vöngum yfir því hvernig þeim tókst að miðla skynjun sinni af sólinni, sjónum og óendanleik menningarinnar án þess að flenna út formatið.

Halldór Björn Runólfsson



Morgunblaðið/Halldór B. Runólfs

Frá sýningu Helgu Magnúsdóttur í aðalsal Listasafns ASÍ.